

91. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 7. apríl 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Erna Guðmundsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Birna Sævarsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Bjarndís Emilsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Undirbúningur skólaloka.

- Vorskóli. Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir hefur verið ráðin sem kennari verðandi 1. bekkjar. Í næstu viku verða svo auglýstar tvær 100% stöður við grunnskólann, 100% ritari og 100% skólaliði.
- Próf / námsmat.
- Verkefni nemenda eftir próf / námsmat.
- Heimsókn nemenda frá Kolding.
- Skólaslit.

Vinna GSS að skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Verður nánar fjallað um þetta mál í lið nr. 2 hér í fundargerðinni.

Önnur mál

- Skóladagatal næsta árs er klárt en verður ekki lagt fram á þessum fundi, það á eftir að fara fyrir kennarafund.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður spurði nánar út í kennarastöður fyrir næsta ár. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Ekki eru þau mál alveg komin á hreint. Búið er að auglýsa eftir kennara á yngstastigi og dönskukennara, ekki hafa neinar umsóknir borist. Einn kennari er líka ennþá að hugsa sín mál og hefur hann ekki ennþá gefið svar. Það skírist von bráðar. Skólastjóri hefur ekki stórar áhyggjur af þessum málum.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Skólanámskráin er tilbúin, hana má finna inn á heimasíðu leikskólans (<http://www.stykk.is/leikskoli/>).

- Opinn dagur verður 18. apríl frá kl 16:00 – 18:00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti eins og verðið hefur á sumardaginn fyrsta.
- Foreldraviðtöl eru að klárast í dag, þó verða nokkur næstu daga.
- Kristín Sigurðardóttir hefur sagt upp störfum og hættir 1. júní.
- Allt að verða klárt fyrir námsferðina, verður farið 23. apríl. Dagskrá er klár og var henni dreift.
- Aðlaganir byrja sennilega í byrjun maí, fyrir yngstu deildina, ekki er búið að skipuleggja þær endanlega.
- Mjög mikið hefur verið um veikindi á starfsfólki í vetur og því hefur verið lítill tími fyrir deildarstjóra að hittast til skipulagningar. Einnig hefur þetta komið niður á samningsbundnum rétti leikskólakennara til undirbúningstíma.
- Hægt er að bæta við sumarleyfi barnanna, þar til gerðum umsóknarblöðum verður dreift á næstunni.
- Ásta talmeinafræðingur kom í dag og verður líka á morgun.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður fagnaði skólanámskránni og eins námsferðinni.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hvort að lengra sumarleyfi yrði gjaldfrjálst. Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn játandi.

2. Skólastefnuvinna.

- Vinna GSS að skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Verið er að ljúka vinnunni við gerð hennar. Unnið var í sjö vinnuhópum, s.s. öllu starfsfólki grunnskólans var skipt upp í sjö hópa. Þessir vinnuhópar eru búnir að skila af sér sinni vinnu svo verður áfram haldið n.k. miðvikudag og í kjölfarið mun valinn hópur fara yfir vinnuna og leggja lokahönd á vinnu GSS að skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

Formaður ítrekaði mikilvægi þess að skólastefna GSS og tónlistarskóla (tveir skólar undir sama þak) liggi fyrir sem fyrst svo arkitekt geti farið að vinna að málunum.

- Vinna leikskólans að skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Sigrún greindi frá þessum málum, ekki er þessi vinna komin langt á leið.

Formaður gaf orðið laust um skólastefnurvinnuna.

3. Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til ársins 2020.

- Formaður sótti fund í Borgarnesi um þetta málefni í síðasta mánuði. Hann greindi frá málefnum þessa fundar og fór í gegnum nokkur gögn. Nálgaast má gögn varðandi þetta mál á eftirfarandi slóð:
<http://www.samband.is/template1.asp?id=2347>

4. Önnur mál.

- Formaður las upp tilkynningu sem barst frá bæjarráði varðandi ákvörðun sem tekin var á síðasta fræðslunefndarfundum um sumarlokun á leikskóla.
- Skólastjóri grunnskóla greindi frá fundi sem hann sótti í Grundarfirði um dreifmenntun og kynnti hana.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.18.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).